




# Fornleifaskráning

vegna vegagerðar við Hafnir í  
Reykjanesbæ



Bjarni F. Einarsson  
2004

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 26:5 í landi eyðibýlisins Haugsendakots.  
Ljósm. B.F.E.

## **F**ÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Reykjanesbæ og Vegagerðina  
Desember 2004

### ***Inngangur***

Að beiðni Vegagerðarinnar, f.h. Reykjanesbæjar, kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugaðan vegakafla innanvert eða austan við Hafnir í Reykjanesbæ með tilliti til fornleifa (sbr. mynd 1).

Farið var lauslega í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram þann 17. desember síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar svo sem Haugsendakot.

Brugðið var út af þessu varðandi fornleifar nr. 117 og 119, en það eru næstu lausu númer í Reykjanesbæ.

Hin fyrirhugaða veglína var gengin og a.m.k. 50 m breitt svæði vestan hennar og allt að 100 – 150 m breitt svæði austan hennar kannað á vettvangi.

Fornleifaskráning stendur yfir í Reykjanesbæ og er henni ekki lokið enn. Allt svæðið vestan við landsveginn er þegar skráð, allt frá Reykjanesi í suðri norður að Ósunum. Þá skráningu hefur Sandra Sif Einarsdóttir fornleifafræðinemi annast undir eftirliti undirritaðs. Aðeins lítill hluti svæðisins austan vegarins hefur verið skráður, þar með taldar fimm fornleifar í landi sem talið er vera Haugsendakotsland. Er það fornleifar nr. 26:1-4 (sjá mynd 1 og töflu 1). Þessara fornleifa verður aðeins getið í töflu 1, en sjálft skráningareyðublaðið ekki látið fylgja þessari skýrslu þar sem fornleifarnar eru ekki í mikilli hættu vegna hins fyrirhugaða vegar.

Hætta og hættumat breytist ef farin verður önnur leið en sú sem hér er til umfjöllunar.

Mynd 1. Loftmynd með staðsetningu hins nýja vegaspotta austan við Hafnir. Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

### ***Skráningin***

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals eru 10 fornleifar á hinu kannaða svæði og þar af voru fimm þegar skráðar eins og áður er getið. Hugsanlegt bæjarstæði Haugsendakots er ekki skráð sérstaklega, en mögulegur staður þess merktur inn á mynd 1.

Af þessum 10 fornleifum teljast engar hafa hátt minjagildi, einar hafa talsvert minjagildi og níu lítið minjagildi. Rústir 26:1-7 hafa í heild sinni talsvert minjagildi. Hugsanlega eru sumar þeirra minjar um eyðibýlið Haugsendakot. Verð hægt að staðfesta legu kotsins mun það hafa hátt minjagildi.

| <i>Nr.</i>      | <i>Teg.</i> | <i>Fj.</i>           | <i>Hættumat</i> | <i>Hættu</i> | <i>Ástand</i> | <i>Aldur</i> | <i>Minjagildi</i> | <i>Friðlýst</i> | <i>Á að merkja?</i> |
|-----------------|-------------|----------------------|-----------------|--------------|---------------|--------------|-------------------|-----------------|---------------------|
| <b>26:1-7</b>   | Eyðibýli    | <b>8</b>             | Vegagerð        | Lítill       | Lélegt        | 1550-1900    | Talsvert          | Nei             | Nei                 |
| 26:1            | Gerði       | 1                    | Ekkert          | Engin        | Ágætt         | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:2            | Vörður      | 2                    | Ekkert          | Engin        | Lélegt        | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:3            | Slóði       | 1                    | Vegagerð        | Lítill       | Ágætt         | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:4            | Varða       | 1                    | Ekkert          | Engin        | -             | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:5            | Rúst        | 1                    | Vegagerð        | Lítill       | Ágætt         | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:6            | Hleðslur    | 1                    | Vegagerð        | Lítill       | Lélegt        | 1900-        | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| 26:7            | Rúst        | 1                    | Vegur           | Lítill       | Lélegt        | 1500-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| <b>117:1</b>    | Brunnur?    | <b>1</b>             | Vegur           | Mikil        | Sæm.          | 1550-1900    | Talsvert          | Nei             | Nei                 |
| <b>118:1</b>    | Túngarður   | <b>1</b>             | Vegur           | Mikil        | Ágætt         | 1550-1900    | Lítið             | Nei             | Nei                 |
| <b>3 staðir</b> |             | <b>10 fornleifar</b> |                 |              |               |              |                   |                 |                     |

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar.

Í ágætu ástandi voru fjórar fornleifar, í sæmilegu ástandi voru einar fornleifar og fjórar fornleifar voru í lélegu ástandi. Fornleifar nr. 26:4 voru ekki metnar vegna þess að þær sáust ekki, en þær voru taldar í lélegu ástandi við skráninguna sem fór fram í mars 2003. (Varða N 63°55.595 W 022°40.766). Munu þær vera á milli fornleifa nr. 26:1 og 26:2 og því ekki í neinni hættu.

Aðeins tvær fornleifar voru taldar í mikilli hættu (rautt á mynd 1). Fjórar voru ekki í neinni hættu (grænt á mynd 1, 26:4 meðtaldar) og afgangurinn var í lítilli hættu (blátt á mynd 1). Þetta hættumat mun breytast ef veglínan verður færð. Verði ekki hægt að tryggja öryggi

fornleifanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Allar minjarnar eru taldar vera fornleifar frá tímabilinu 1550 - 1900, nema einar sem eru trúlega frá 20. öld. Engar fornleifar á svæðinu sem kannað var þykir ástæða til að friðlýsa að svo stöddu.

Skv. 12 gr. Þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (Þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

### ***Niðurstaða***

Alls fundust tíu fornleifar á þremur stöðum á svæði því sem kannað var vegna hins fyrirhugaða vegar austan við Hafnir sbr. mynd 1. Bent skal á að fleiri fornleifar sáust vestan við veglínuna, en þær koma ekki við sögu verði vegurinn ekki færður til vesturs.

Ef mikilvægt reynist að farga eða raska þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ættu mótvægisáðgerðir ekki að vera flóknar (sjá fornleifaskrá).

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem taldar eru hafa talsvert minjagildi. Fyrsta skrefið væri að staðfesta hvort um brunn sé að ræða. Sé um ræktunarsteina að ræða þarf engar frekari mótvægisáðgerða til.

Í öllum tilvikum þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Hugsanlegar aðreinar og tengivegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 117, sé um brunn að ræða. Þá má búast við því að rústir einhverrar hjáleigunnar séu ekki langt undan! Verði hægt að staðfesta að Haugsendakot sé þar sem giskað er á að það sé á mynd 1 eru það einnig býsna merkilegar fornleifar.

### ***Heimildir***

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Þriðja bindi.

Kaupmannahöfn 1923-24.

*Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

## Fornleifaskrá

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Haugsendakot ?

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Nr

Tákntala

2200

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Sandra Sif Einarsdóttir

Dags.

3.3.2003

GPS Staðsetning

E 319689 N 385588

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

4

Tegund minja

Gerði

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550 -

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Lítið

Lítið

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Tæpa 400 m A við Hafnaveg. 600 m SA við sumarbústaði sem eru syðst í Kirkjuvogshverfi.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Gerði.**

20x20 m (VNV-ASA). Veggir úr grjóti; 0.7-1.7 m á breidd og 0.1-0.8 m á hæð. Hlið/ dyr eru á SSV-hlið í VSV-horni og í ANA-horni gerðisins (veggurinn gæti verið bara hrúnninn).á ASA-hlið (í ANA-horni) er lítið hólfi 3x2.5 m (NNA-SSV). Veggir þess eru úr grjóti. Neðstu hlutar veggjanna eru vel grónir. NNV-horn gerðisins stendur ca. 0.5 m hærra en hinir hlutar þess. "Gólflið" er að hluta til vel gróið og að hluta til uppblásið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Canon S10

Athugasemdir

63°55.600' 022°40.624'

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Hverfi

Landareign

Nr

Heiti

Haugsendakot ?

Undirnr.

2

Skrásetjari

Sandra Sif Einarsdóttir

Dags.

3.3.2003

GPS Staðsetning

E 319647 N 385645

Viðmiðun M.y.s. Skekkja

Isn 93

4

Tegund minja

Vörður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

2

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Lélegt

1550 -

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

Lítið

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Tæpa 400 m A við Hafnaveg. 600 m SA við sumarbústaði sem eru syðst í Kirkjuvogshverfi. Upp á ca 4 m háum hól.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Varða / Vörður.**

2 vörður (A-B). Báðar eru alveg hrundar. Þær eru hlið við hlið, þversu á hólnum og ca. 1.5 m á milli þeirra. Í vörðu A hefur spýta staðið upp úr henni. Nú liggur hún á grjóthrúginni. Varða B hefur líklega verið mun minni en varða A. Þar sem minna er af grjóti í kringum hana. Mikið grjót er í hliðum hólans, sitt hvorum megin við vörðurnar.

Teikning af staðnum



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Canon S10

Athugasemdir

63°55.629' 022°40.678'

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Táknatala

2200

Hverfi

Landareign

Nr

Heiti

Haugsendakot ?

Undirnr.

3

Skrásetjari

Sandra Sif Einarsdóttir

Dags.

3.3.2003

GPS Staðsetning

E 319681 N 385612

Viðmiðun M.y.s. Skekkja

Isn 93

4

Tegund minja

Slóði

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ekkert

Engin

Ágætt

1550 -

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

Lítið

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Tæpa 400 m A við Hafnaveg. 600 m SA við sumarbústaðabyggð sem er syðst í Kirkjuvogshverfi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Slóði.**

(VNV-ASA). 0.2-0.4 m á breidd og 0.1-0.3 m á dýpt. "Byrjar" VNV við hólninn sem er vörðum 26:2 á. Liggur NNA-megin við hann og í kringum, meðfram SSV-hlið hólins. Slóðinn myndar sem sagt hring í kringum hólninn. Á VSV-horni hólins beygir slóinn í VSV og hverfur eftir ca. 50 m.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sindri Ellertsson Csillag

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Undirnr.

5

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Haugsendakot?

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Nr

Tákntala

2200

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.12.2004

GPS Staðsetning

E 319481 N 385745

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

7

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

Talsvert

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 120 m SA af malbikuðum vegi. Undir lágum hraunkambi. Í móa.

Heimildir og munnmæli


Lýsing

Rúst.

2,3 x 3,5 m (NV - SA). Veggir úr grjóti, 0,7 - 1 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Dyr snúa mót NV. SA - gaflinn er að mestu leyti hraunkamburinn sjálfur, þó einnig sé að finna grjót ofan á honum.

Rústin gæti hafa tengst eyðibýlinu Haugsendakoti.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að teikna hana upp í mælikvarðanum 1:20 og kanna hana með prufuholu- greftri. Leita þarf álots og leyfis Fornleifaverndar ríkisins sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Hverfi

Landareign

Nr

Heiti

Haugsendakot?

Undirnr.

6

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.12.2004

GPS Staðsetning

E 319520 N 385817

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

5

Tegund minja

Hleðslur

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Ekkert

Ekkert

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Sunnan í lágum hraunhrygg, ca. 150 m SA af malbikuðum vegi. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Hleðslur.**

8,5 x 13 m (N - S). Veggir úr grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Dyr snúa mót N.

Veggirnir eru áberandi illa hlaðnir og álitamál hvort þeim hafi ekki verið hróflað upp, fremur en hlaðnir. Inni í rústinni er járnarusl, trúlega leifar af þaki.

Trúlega eru hleðslurnar leifar af umgjörð utan um bragga eða aðra ámóta byggingu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Hleðslurnar þarf ekki að rannsaka frekar.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

26

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Hverfi

Landareign

Nr

Heiti

Haugsendakot?

Undirnr.

7

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.12.2004

GPS Staðsetning

-

Viðmiðun

M.y.s. Skekkja

-

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Vegagerð

Lítill

Lélegt

1550-1900

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

Talsvert

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Nánast efst á hraunhrygg, um 120 m SA af malbikuðum vegi. Um 20 m NV af rúst 26:6. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Rúst.**

Um 4 x 4 m (NV - SA). Veggir úr grjóti, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir. Ekki er gott að sjá eiginlega lögun rústarinnar, en líklega hafa dyr snúið mót SA.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að teikna hana upp í mælikvarðanum 1:20 og kanna hana með prufuholu- greftri. Leita þarf álots og leyfis Fornleifaverndar ríkisins sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

117

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Kirkjuvogur

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Nr

Tákntala

2200

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.12.2004

GPS Staðsetning

E 319705 N 386140

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

3

Tegund minja

Ræktunarsteinar?

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

Talsvert

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 8 m V af túngarði og 8 m V af stöð 985 (við fyrirhugaðan veg). Í túni.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. Túngarður í landi Kirkjuvogs í Höfnum, Reykjanesbæ. Reykjavík 2004.

Lýsing

**Ræktunarsteinar.**

3,5 x 4 m (NV - SA), nánast hringlaga. Utan um minjarnar er um 0,8 m breiður gróinn kanntur sem gæti verið leifar af vegg í brunnhúsi. Mikið er af smáu grjóti í því sem gæti verið brunnopið. Eru það vafalítið ræktunarsteinar.

Rannsókn leiddi í ljós að ekki var um brunn að ræða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að ganga úr skugga um eðli þeirra með könnunarskurði. Sé um ræktunar- steina að ræða þarf engar frekari mótvægisáðgerðir. Sé um brunn að ræða þarf frekari rannsóknna við. Leita þarf álots og leyfis Fornleifaverndar ríkisins sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

118

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Landareign

Kirkjuvogur

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Nr

Tákntala

2200

Heiti

Hverfi

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

17.12.2004

GPS Staðsetning

E 319741 N 386166

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

4

Tegund minja

Túngarður

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Haf 2003

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Vegagerð

Mikil

Ágætt

1550-1900

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Fríðlýsa?

Fríðlýst?

Hvenær

Lítið

Lítið

Nei

Nei

Lega og staðhættir

NA - byggðinni í Höfnum. Utan um tún rétt austur af malbikuðum vegi.

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. Túngarður í landi Kirkjuvogs í Höfnum, Reykjanesbæ. Reykjavík 2004.

Lýsing

**Túngarður.**

Túngarðurinn var ekki allur skoðaður, en reyndist 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,5 m hár þar sem hann var skoðaður þar sem NA horn hans er.

Viða hefur smágrjóti verið kastað úr túninu í garðinn (eins og við nr. 117) og einnig má sjá girðingarstaura liggja í honum, auk smávægilegra leifa af gaddavír.

Við NA - hornið má sjá eldri kynslóð garðsins grasi- og mosavaxna sbr. efri mynd.

GPS var mælt við NA - horn túngarðsins.

Snið var tekið í gegnum túngarðinn dagana 27. - 29. júlí 2005 (Bjarni F. Einarsson 2005).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að grafa þverskurð í gegnum hann til að kanna aldur hans ef hægt er og hve margar kynslóðir garða kunna að leynast undir. Leita þarf álots og leyfis Fornleifaverndar ríkisins sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.